

Sveitarfélagið Árborg
Bárður Guðmundsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Austurvegi 2, Ráðhúsi
800 Selfoss



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. maí 2014
Tilvísun: UST20140400255/bs

Aðalskipulag Árborgar 2010-2030 - breyting - tillaga - jarðstrengur milli Selfoss og Þorlákshafnar. Umsögn

Vísað er til bréfs Sveitarfélagsins Árborgar dags. 17. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að breytingu á aðalskipulagi Árborgar. Umrædd strengleið liggur að mestu meðfram þjóðvegum. Þar sem vikið er frá vegum mun strengurinn liggja meðfram skurðum og vegum um svæði sem skilgreint er sem landbúnaðarland að Ölfusárbrú. Breytingin felst enn fremur í því að þjónustuvegur meðfram strengnum verður skilgreindur sem göngu- og hjólastígur. Umhverfisstofnun hefur gefið umsögn um umræddan jarðstreng vegna fyrirspurnar um matsskyldu og vísar stofnunin til þeirrar umsagnar. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda breytingu á aðalskipulagi.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
sérfræðingur

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur